

Umsögn Samtaka um bíllausan lífsstíl um mál 219 á 149. Löggjafarþingi 2018-2019. Umferðarlög.

Samtökin mælast eindregið gegn því að 79. grein verði breytt í samræmi við breytingartillögu 1619. Við mælumst eindregið gegn því að hjálmskylda verði lögfest.

Í stjórnarsáttmálanum segir meðal annars: Ríkisstjórnin mun leggja sérstaka áherslu á forvarnir og lýðheilsu, meðal annars í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu og með stuðningi við íþróttir, æskulýðsstarf og öldrunarstarf. Skoðuð verður beiting efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu.

Og: Ísland á enn fremur að ná 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við árið 1990 fyrir árið 2030.

Sérfræðingahópur á vegum HÍ og HR taldi að til að ná þessu markmiði þyrfti bílaumferð að minnka um 50% auk orkuskipta. Auknar hjólreiðar eru einn besti möguleiki okkar til að bæði auka lýðheilsu og ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Rannsóknir frá öðrum löndum sem lögleitt hafa hjálmskyldu sýna hnignun í fjölda hjólandi í framhaldinu, sérstaklega hjá börnum eins og sjá má í eftirfarandi athugunum á afleiðingunum, m.a. Í töflu eitt í fyrri hlekknum. Þessi hnignun hefur enn ekki gengið til baka í Ástralíu þar sem enn í dag hjóla færri til og frá vinnu og skóla en áður en hjálmalögin voru sett 1990.

Við mælumst alls ekki gegn hjálmnotkun. Við mælum hins vegar með því að lögð verði áhersla jákvæða fræðslu fyrir börn og ungmenni sem hjóla, sem og fyrir öikumenn. Með aukinni fræðslu getum við treyst foreldrum og börnum til að velja réttan búnað fyrir hvert skipti sem hjólað er. Lítum frekar til nágrannaþjóða okkar sem langt hafa náð í hlutdeild hjólandi og öryggi þeirra, þau hafa einmitt valið að lögfesta ekki hjálmskyldu.

Framundan er frábært tækifæri til að nálgast markmið Stjórnarsáttmálans og Aðgerðaráætlunarinnar í loftslagsmálum með auknum hjólreiðum. Tökum ekki skref afturábak með íþyngjandi lagasetningum. Styðjum frekar við hjólreiðar með fræðslu, efnahagslegum hvötum og uppbyggingu innviða sem því miður vantar töluvert upp á enn.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1410838/?fbclid=IwAR2n2tZA84IveIFCiz-nrLs5IISEzYwQAt3DxPrK18nydaq0QrWaJ0wIK0>

https://www.freestylecyclists.org/modal-share/?fbclid=IwAR3JB0xoVLy8F3xDwSVydf3KqHat6ERzx2tBWloz-DHATJKU-eh-2nsHA_k